

Starfsgreinaráð	Starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina
Starfsheiti	Tanntæknir
Dagsetning	19. september 2022
Útgáfunúmer	2. útg.

Starfalýsing tanntækna:

Tanntæknar starfa ýmist á almennum tannlæknastofum eða hjá sérfræðingum. Tanntæknar aðstoða tannlækna bæði við almennar tannlækningar og sérhæfðar aðgerðir, sjá um sóttþreinsun, móttöku, bókun á skjólstæðingum ásamt því að koma að bókhaldi og innheimtu. Þeir vinna fjórhent við tannlæknastól. Þeir sjá um smitvarnir, að hreinsa tannlæknastóla, skol, borð, skápa og skúffur. Þeir sjá einnig um sóttþreinsun/dauðþreinsun áhalda og búnaðar eftir hverja notkun og fylgja eftir sóttvarnarkröfum sem gerðar eru á tannlæknastofum. Tanntæknar taka á móti skjólstæðingum og búa þá undir meðhöndlun og aðgerðir. Þeir taka til áhöld og efni sem nota þarf s.s. efni í afsteypur, taka alginat mát og steypa í þau. Þeir undirbúa, taka og skanna röntgenmyndir. Tanntæknar pússa og lakka tennur með flúor og veita leiðbeiningar um rétta tannhirðu. Þeir sjá um símsvörun á tannlæknastofum, halda utan um vistun á sjúkraskýrslum og innköllunarlista, ásamt ýmsum skráningum. Þeir hafa umsjón með birgðahaldi, þ.e. lagerstjórn og innkaupastjórn ásamt því að halda utan um viðhald á tækjum.

Tanntæknir er lögverndað starfsheiti.

Hæfnikröfur tanntækna:

Sér um smitvarnir á tannlæknastofum

Sér um sóttþreinsun/dauðþreinsun á áhöldum og búnaði á tannlæknastofum

Býr yfir góðri samskiptafærni, sýnir siðferðisvitund og gætir þagmælsku í störfum sínum

Undirbýr tannlæknastofur, aðstoðar tannlækna m.a. með „fjögurra handa tannlækningum“ og gengur frá að loknum vinnudegi

Sér um að taka til áhöld og efni sem nota þarf

Undirbýr, tekur röntgenmyndir og skannar

Pússar og lakkar tennur með flúor og tekur þátt í að veita fræðslu/leiðbeiningar um rétta tannhirðu

Sér um móttöku, símsvörun og tímapantanir

Heldur utan um sjúkrasögu skjólstæðinga og býr þá undir meðhöndlun

Hefur góða almenna tölvukunnáttu sem nýtist í starfi ásamt því að þekkja greiðslureglur SÍ

Er fær um að vinna sjálfstætt, sýna frumkvæði og geta forgangsraðað verkefnum eftir því sem við á

Þekkir lög og reglugerðir sem starf hans heyrir undir og fylgir þeim í daglegu starfi
Vinnur eftir gæðaviðmiðum/gæðahandbók, þekkir vinnuvernd og öryggisferla á vinnustað og er fær um að veita skyndihjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum
Er fær um að tileinka sér nýjungar í starfi og er meðvitaður um mikilvægi þess